

From: [Þórdís Sveinsdóttir](#)
Subject: Fjármögnun stafrænt samstarfs 2026
Date: þriðjudagur, 2. desember 2025 13:42:47
Attachments: [image001.png](#)
[Verkefnaáætlun stafrænt samstarfs vegna 2026.pdf](#)
[Kostnaðarskipting stafrænt samstarfs vegna 2026.pdf](#)

Sæl öll sömul

Viðkomandi póstur er sendur til allra framkvæmdastjóra eða oddvita sveitarfélaga sem taka þátt í stafrænu samstarfi, auk fulltrúa í stafrænum sveitarfélögum, til upplýsingar.

Meðfylgjandi er verkefnaáætlun og kostnaðarskipting stafræns samstarfs fyrir árið 2026. Tillögur að fjármögnun og verkefnum stafræna teymisins hafa verið kynntar á fundum stafræns ráðs og faghóps sveitarfélaga, án athugasemda. Verkefnaáætlunin byggir á stefnumörkun Sambandsins 2022–2026 og tekur jafnframt mið af samstarfsverkefnum ríkis og sveitarfélaga.

Fjármögnun vegna 2026.

Kostnaðarþátttaka sveitarfélaga vegna stafræns samstarfs árið 2026 nemur um 73.000.000 kr. og verður innheimt í tveimur áföngum, í maí og nóvember.

Athugið breytt fyrirkomulag á fjármögnun á stafrænu samstarfi

Kostnaði verður ekki lengur skipt í fasta fjármögnun og verkefnafjármögnun.

Í staðinn hefur verið unnið gróft fjárhagsmat á samstarfsverkefnum hins opinbera. Stafræna teymið mun leggja fram nánari og útfærða starfsáætlun fyrir stjórn Sambandsins og stafrænt ráð í desember.

Stafrænt ráð mun fylgja starfsáætluninni á reglubundnum fundum og taka fyrir breytingar á verkefnum eftir þörfum. Þannig verður forgangsörðun verkefna ákveðin á hverjum tíma.

Markmið breytingarinnar er að auka sveigjanleika stafræna teymisins til að bregðast við breyttum forsendum og nýjum verkefnum.

Vinnustofur og aðgerðaáætlanir sveitarfélaga

Nú í haust hefur stafræna teymið hafið fræðsluverkefni um nýtingu stafrænna lausna í starfsemi sveitarfélaga og þegar heimsótt nokkra landshluta.

Í framhaldinu er öllum sveitarfélögum boðið að taka þátt í vinnustofu með teyminu þar sem farið er yfir stöðu sveitarfélagsins í stafrænum verkefnum og útbúin sérsniðin aðgerðaáætlun. Stafræna teymið mun styðja sveitarfélögin við innleiðingu hennar.

Ég hvet ykkur eindregið til að nýta þetta öfluga átaksverkefni og taka þátt í vinnustofunum, enda býr teymið yfir mikilli reynslu á sviði stafrænnar þróunar.

Sigurjón Ólafsson, fyrrum sviðsstjóri þjónustu og þróunar hjá Hafnarfjarðarbæ og nú sjálfstætt starfandi ráðgjafi hjá Fúnksjón, hefur einnig stutt teymið í þessu verkefni.

Samstarf ríkis og sveitarfélaga í stafrænum málum

Í lokin langar okkur hjá Sambandinu að vekja athygli á nokkrum áföngum sem við höfum náð varðandi aukið samstarf í stafrænum verkefnum hins opinbera.

Sambandið fékk KPMG til að greina stöðuna á stafrænu samstarfi hins opinbera og hvaða

tækifæri eru til framtíðar og var gefin út skýrsla í kjölfarið. – Hægt að kynna sér skýrsluna í meðfylgjandi frétt.

<https://www.samband.is/frettir/mikil-taekfaeri-i-frekara-samstarfi-i-stafrenum-malum>

Í september undirritaði formaður stjórnar Sambandsins og mennta- og barnamálaráðherra samkomulag um sameiginlegar stafrænar lausnir og hagnýtingu gagna í þágu farsæld barna.

<https://www.samband.is/frettir/riki-og-sveitarfelag-sammaelast-um-stafrana-throun-og-vidtaeka-nytingu-gagna>

Í nóvember undirritaði formaður stjórnar Sambandsins og félags- og húsnæðismálaráðherra samkomulag um sameiginlegar stafrænar lausnir og hagnýtingu gagna í notenda í velferðaðþjónustu.

<https://www.samband.is/frettir/riki-og-sveitarfelog-taka-hondum-saman-um-gagnaoflun-og-stafrana-throun-i-velferðarþjónustu>

Tilgangurinn með viðkomandi samkomulögum er að auka samstarf þvert á stjórnsýslustig í stafrænum málum og gagnavinnslu í stærstu málaflokkum sveitarfélaga.

Endilega hafið samband ef þið hafið einhverjar spurningar eða ábendingar.

Kveðja,



Þórdís Sveinsdóttir

Sviðstjóri • Þróunarsvið

Samband íslenskra sveitarfélaga • Icelandic Association of Local Authorities

Sími / Tel.: (+354) 515 4900 / 843 0710 • thordis.sveinsdottir@samband.is

www.samband.is • [Lagalegur fyrirvari](#) • [Legal Disclaimer](#)